

BORGARRÁÐ 7. nóvember 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um biðskýli Strætó bs. - R19110061

Komið hefur fram á fundi borgarráðs að Strætó bs. eigi ekki öll biðskýli í Reykjavík.

1. Hvað á Strætó bs. mörg biðskýli í borginni?
2. Hvað eiga aðrir aðilar mörg biðskýli í borginni?
3. Komið hefur fram að Strætó eigi þau strætóskýli sem hafa ekki auglýsingagildi en útboð fór fram sem enginn tók þátt í. Innkauparáð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að veita umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar heimild til þess að ganga til samninga við Dengsa ehf um rekstur biðskýla borgarinnar rétt fyrir kosningar. Vitnað er í að samþykkt borgarráðs liggja fyrir eftir heimild Innkauparáðs.
4. Á hvaða fundi borgarráðs var þetta samþykkt?
5. Dengsi ehf. sem er í eigu Billboard hefur tekið yfir rekstur biðskýla sem hafa „auglýsingagildi“ og rekur stóru ljósaskiltin sem víða er verið að setja upp í borginni. Þar með virðist vera komin einokun á öll ljósaskilta í Reykjavík, án útboðs með samningi við einn aðila til 15 ára.
6. Reykjavíkurborg hefur gert samning til 15 ára í stað þess að fara í nýtt útboð. Hvað kostar samningurinn á ári og á 15 ára grundvelli fyrir Reykjavíkurborg/Strætó bs?
7. Hver kostar uppsetningu auglýsingaskilta/ljósaskilta sem verið er að setja upp í borginni?
8. Hvað kostar að setja upp hvert skilti?
9. Kemur Orkuveita Reykjavíkur, eða önnur fyrirtæki borgarinnar að kostnaði við uppsetningu skiltanna?
10. Hvaða reglur gilda hjá borginni um uppsetningu ljósaskilta. Voru drög að slíku samkvæmt tillögum vinnuhóps borgarinnar frá því í febrúar 2019 samþykkt sem gildandi reglur og eru þessar uppsetningar núna í samræmi við þær?